

Garri

# Klikkað stuð í Geðhjálp

Ástandið innan Geðhjálpar gæti hæglega ært óstöðugan og jafnvel Garra líka sem telst vera í sæmilegum balans. Hann á ekki eitt einasta orð og er helst á því að starfsmenn og stjórnendur Geðhjálpar séu ekki með öllum mjalla. Nú veit Garri af langri reynslu að geðsjúkdómur eru ekki smitandi þannig að ekki er því um að kenna. Og ekki bætir úr skák þegar fjölskyldutengslin í þessu sjúka drama eru orðin á við það sem best gerist í bandarískum sápuóperum:

## Fæðgar á fleygiferð

Framkvæmdastjóri Geðhjálpar rekur bókhaldara félagsins. Framkvæmdastjórinn er sonur formanns Verslunarmannafélags Reykjavíkur en bókhaldarinn eiginkona framkvæmdastjóra sama félags. Skömmu síðar fer allt í loft upp í Verslunarmannafélaginu og formaðurinn bolar framkvæmdastjóranum úr starfi varaformanns. Að öðru leyti er ekki að sjá að nokkur önnur tengsl séu á milli Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Geðhjálpar. Þó virðist atburðarásin í öðru félaginu vera beintengd atburðarásinni í hinu. Það skal tekið fram að félögin tvö starfa ekki á sama vettvangi. Samt mætir

formaður Verslunarmannafélagsins á fundi hjá Geðhjálp og framkvæmdastjóri Geðhjálpar á fundi hjá Verslunarmannafélaginu. Hvað á Garri að halda? Að Geðhjálp sé fjarstýrt úr Verslunarmannafélaginu? Eða öfugt?

## Dularfull byssa

Fundir félaganna beggja hafa að undanförmu einkennst af miklum átökum þar sem menn eru vegnir með orðum og ekki alltaf á vinsamlegu nótunum. Úr hófi keyrði þó þegar framkvæmdastjóri Geðhjálpar upplýsti að starfsmenn félagsins hefðu rafmagnsstuðbyssu í förum sínum en hún væri þó aldrei notuð gegn sjúkum skjólstæðingum félagsins. Ekki er heldur vitað til þess að starfsmenn Verslunarmannafélagsins hafi verið pumpaðir með rafmagni á skrifstofutíma.

Fram undan er stjórnarkjör í Geðhjálp og verður vílast vopnaleit við innganginn. Verslunarmenn munu þar fjölmenna í bland við nokkra geðfatlaða ef að líkum lætur og hætta á hallarbyltingu ef ekki eitthvað þaðan af verra. Garri leggur til að lögregla verði á staðnum til að afstýra manntjóni. Heiftin er alger og mál að linni. Ef Geðhjálp ætlar að rísa undir nafni



verða nýir menn að koma þar að málum. Og þá með því skilyrði að þeir séu með öllum mjalla og án tengsla við Verslunarmannafélag Reykjavíkur. Annars er eins gott að hætta þessari meintu geðhjálp. Geðfatlaðir eiga annað og betra skilið en óskiljanlegt rugl í fólki sem á að teljast fullfrískt.

Garri